

13. janúar 1990

1

Nr. 1

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórnn,
tollstjórnn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur tjáð mér, að þann 9. janúar 1990 hafi gengið dómur í Hæstarétti Íslands í máli nr. 120/1989, þar sem niðurstaðan hafi orðið á þann veg, að dómur uppkveðinn í sakadómi Árnessýslu hafi verið felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Hafi þetta verið gert sökum þess, að sýslumaðurinn í Árnessýslu og fulltrúi hans, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, hafi verið vanhæfir til að fara með dómstörf í málinu, þar sem sýslumaðurinn sé jafnframt lögreglustjóri í sama umdæmi og hafi sem slíkur farið með lögreglurannsókn málsins. Sú staða sé því uppi í tuttugu umdæmum landsins, að einn og sami maður sé í senn lögreglustjóri og dómari, án þess að sjálfstæðir héraðsdómarar starfi við þau embætti, sem geti farið með og dæmt í opinberum málum á eigin ábyrgð, óháð því hvort forstöðumaður embættisins sé vanhæfur til meðferðar máls. Af þessum sökum sé svo komið í umræddum umdæmum, að þeir, sem þar fari nú með dómsvald að gildandi lögum, verði í ljósi áðurnefnds dóms Hæstaréttar taldir vanhæfir til að fara með flest þau opinberu mál, sem þar séu og verði til meðferðar, þar til ný skipan dómstóla í héraði samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, komi til framkvæmda þann 1. júlí 1992. Til að tryggja það dómarar verði fyrir hendi í umræddum umdæmum, sem taldir verði hæfir og bærir til að fara með opinber mál þar, beri brýna nauðsyn til að nú þegar verði gerð breyting á núgildandi lögum, svo meðferð þessara dómsmála stöðvist ekki eða dragist óhæfilega.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við eftirtalin embætti skulu starfa héraðsdómarar sem hér greinir:

- a. Við embætti sýslumannsins í Vestur - Skaftafellssýslu, sýslumannsins í Rangárvallasýslu, bæjarfógetans á Akranesi, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík og sýslumannsins í Dalasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- b. Við embætti sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, bæjarfógetans í Bolungarvík, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Strandasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

- c. Við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki, bæjarfógetans á Siglufirði, bæjarfógetans á Ólafsfirði, sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetans á Húsavík skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- d. Við embætti sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, bæjarfógetans í Neskaupstað og sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- e. Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli skal starfa einn héraðsdómari.

2. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum. Héraðsdómarar samkvæmt a - d liðum 1. gr. skulu skipaðir að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, en dómari samkvæmt e lið 1. gr. að tillögu utanríkisráðherra.

Héraðsdómarar samkvæmt lögum þessum skulu skipaðir tímabundið til 30. júní 1992, en þá leggjast embætti þeirra niður. Njóta þeir ekki þess forgangs til skipunar í embætti héraðsdómara eftir þann tíma, sem kveðið er á um í 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989.

Heimilt er að skipa héraðsdómara fyrsta sinni samkvæmt lögum þessum án þess að embættin hafi áður verið auglýst laus til umsóknar.

Skipa má mann í embætti héraðsdómara samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 7. töluliðar 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

3. gr.

Héraðsdómurum samkvæmt a - d liðum 1. gr. verður ekki falið að fara með stjórnvalds-málefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með samþykki þeirra.

4. gr.

Um störf, réttindi og skyldur héraðsdómara samkvæmt lögum þessum, fer eftir almenn-um reglum að öðru leyti en leiðir af fyrirmælum 2. og 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.